

«Bólusetjum börnin gegn Covid-19, þau eiga rétt á því.» Ingileif og aukaverkanir

„Mikilvægt er að bólusetja börn þar sem þar sem þau geta veikst alvarlega af COVID-19 og bólusetning verndar vel gegn bæði smiti og alvarlegum sjúkdómi af völdum Delta og annara afbrigða eins og Alfa, Beta og Gamma. ... Ég treysti því að foreldrar vilji börnum sínum allt hið besta: Að þau fái samskonar vernd gegn alvarlegum afleiðingum COVID-19 og þeir hafa sjálfir þegið með bólusetningu.“

Svo skrifar Ingileif Jónsdóttir, prófessor við læknadeild HÍ og deildarstjóri hjá Íslenskri erfðagreiningu, í upphafi þessa árs. Og áfram heldur hún:

„Bólusetningin veitir yfir 90% vernd gegn alvarlegum COVID-19 sjúkdómi, sjúkrahúsinnlögn og dauða, líka af völdum Delta afbrigðisins, sem er meira smitandi og veldur alvarlegri sjúkdómi í öllum aldurshópum en fyrri afbrigði. Bólusetning veitir líka 50-80% vernd gegn smiti af völdum Delta og smitaðir bólusettir einstaklingar smita aðra helmingi síður en smitaðir óbólusettir einstaklingar.“

Í ljósi staðreynda, sem þá þegar lágu fyrir með tilliti til ágalla á rannsóknum, virkni og aukaverkunum, var þessi bólusetningarherhvöt torskiljanleg. Þróunin var að sönnu fyrirsjáanleg. Hér fylgja nokkur atriði:

Það er löngu komið í ljós, að bólusetning með hraðsuðubóluefnunum veitir ekki smitvörn og kemur heldur ekki í veg fyrir smit. Þau gætu hins vegar dregið úr alvarleika einkenna covid-19, en það hefur þó ekki verið sýnt fram á með vísindalegum hætti. Það er enn fremur morgunljóst, að þau stuðla ekki að myndun ónæmis, en valda þess í stað fjölda aukaverkana og dauða.

Pfizer hefur nú með dómsúrskurði í Bandaríkjunum Norður-Ameríku verið þvingað til að láta af hendi frumgögn úr tilraunafúski sínu. Þau birtast nú hvert af öðru. (Sjá krækju neðanmáls.) Í einu þeirra má m.a. lesa á þessa leið:

Bóluefnið getur valdið breytingum á erfðaeftum með þeim afleiðingum, að hinn bólusetti lamast, afskræmist, tapar greind, heyrn og sjón. Þetta er reyndar nokkurn veginn í samhljómi við tilkynningar til heilbrigðisyfirvalda.

Við glímum nú við faraldur hinna bólusettu. Þeir þrúbólusettu eiga um sárast að binda. Opinberar tölur frá Englandi benda reyndar til, að „neikvæð virkni“ sé 206% (þ.e. rúmlega tvöfalt hættara við smiti) hjá þessum hópi. Í Ástralíu eru hinir fullbólusettu fjórir af fimm, sem sýkjast; níu af tíu, sem leggjast inn á sjúkrahús; níu af tíu, sem leita á bráðadeild og fjórir af tíu, sem láta lífið.

Annars staðar í veröldinni er ástandið svipað. Í Bretlandi eru níu af tíu látnum fullbólusettir, þar af eru fjórir af fimm þrúbólusettir. Í Kanada eru fullbólusettir sjö af tíu, sem andast sökum veirunnar (eða með veiruna í sér). Í Nýja-Sjálandi hafa síðustu vikunnar full bólusettir verið fjórir af fimm innlögðum á sjúkrahús. Í Brasilíu var tilkynnt um tæp 10.000 andlát fullbólusettra í ágúst á síðasta ári. Í viðtali við Kobi Haviv, lækningaforstjóra Herzog sjúkrahússins í Ísrael (sem nú hefur verið fjarlæggt af netinu) að 95% alvarlega sjúkra séu fullbólusettir og að 85 til 90% innlagðra sjúklinga séu fullbólusettir. Í Danmörku eru fullbólusettir 89.7% þeirra, sem smitast af omikron tilbrigði veirunnar.

Þegar í maí á síðasta ári sýndu tölur frá evrópskra gagnagrunninum, „EudraVilance,“ að nú létust fleiri af bólusetningum en veirunni. Þá höfðu 405.259 beðið tjón af bólusetningunum og 10.570 látið lífið. Pfizer/BioNTech bóluefnið er verstí skaðvaldurinn, veldur um helmingi andlátanna.

Tölur frá Nýja-Sjálandi og Bretlandi gætu gefið vísbendingar um, að áunnið alnæmi (Acquired Immune Deficiency Syndrome – AIDS) kynni að vera í fæðingu. Það er sönnu öllu alvarlegri þróun, hafi það við nánari rök að styðjast. Sömuleiðis hefur verið varað við því, sem kalla mætti „Áunninn mótefnaáauka“ (Antibody Dependent Enhancement), sem í afar stuttu máli felur í sér, að mótefni, sem til verða í baráttu ónæmiskerfisins við veiruna, bera kennsl á sóttkveikjuna, en eru ófær um að koma í veg fyrir smit. Þess í stað greiðir mótefnið veirunni leið inn í frumurnar.

Víða hefur verið sýnt fram á óútskýrða og aukna dánartíðni, t.d. í Noregi og Þýskalandi, eftir að bólusetningar hófust. En af þeim margvíslegu aukaverkunum, sem tilkynntar hafa verið, t.d. fósturlát (hugsanleg aukning áhættu um 1517%), lystarstol, krabbi, ófrjósemi og húðútbrot, ber þó ýmis konar hjartahremmingar hæst, þegar þær eru skoðaðar. Þar eru karlar fram á miðjan aldur í aðalhlutverki.

Það telst til tíðinda, að „Sjúkdómseftirlits- og heilsuverndarstofnun Bandaríkjanna (Centers of Disease Control and Prevention -CDC) skuli birta rannsóknaniðurstöður um 113sinnum aukna áhættu á hjartaáföllum meðal þeirra, sem bólusettir hafa verið með mRNA bóluefni. Önnur rannsókn frá sömu aðiljum, ásamt „Matvæla- og lyfjaeftirlitinu“ (Food and Drug Administration) sýndi 13.000 sinnum auka áhættu á hjartavöðvabólgu hjá börnum.

Það er ekki úr vegi að benda á í þessu sambandi, að viðbrögð stjórnvalda, þ.e. einangrun, sóttkvíar, fjöldatakmarkanir og grímuskylda m.a., hafi haft vond áhrif á þroska barna, enda þótt þau hafi ekki verið bólusett. Í breskri rannsókn var gerður

samanburður á taugabroska barna fæddum fyrir faraldur og þeirra, sem litu dagsins ljós, meðan á honum stóð. Niðustaðan er uggvænleg:

„Við höfum komist að því, að börn, fædd, meðan á faraldrinum hefur staðið, búa við mælanlega skertan mál- og hreyfiproska, svo og almenna vitþroskaskerðingu miðað við börn, sem fædd eru, áður en faraldurinn skall á.“

Stjórnvöldum og fjölmiðlum virðist um megn að horfast í augu við raunveruleika aukaverkanna og leita alls kyns skringilegra skýringa eins og klofkælingar hjá konum og ástarsorgar. Einnig er fundin skemmtileg skýring á hjartahremmingum hjá íþróttamönnum; dómaraf lautuhvumpni.

Stjórnvöld hafa sýnt dræman áhuga á því, að birta tölur úr aukaverkanagagnagrunni sínum. Talið er, að þær endurspegli að hámarki tíunda hluta raunverulegra aukaverkanna, þar eð ekki er um virka leit að ræða. Starfsmönnum lyfjafyrirtækja, stjórn- og heilbrigðisyfirvalda, hefur þó sumum ofboðið þagnargildi aukaverkanna og fúsks og hafið upp raust sína. Ein þeirra er hjúkrunarfræðingurinn, Collette Martin. Við vitnaleiðslur „Heilbrigðis- og velferðarnefndar“ (Louisiana Health and Welfare Committee) Louisiana ríkis, staðhæfði hún: „Það deyja fleiri börn af völdum bóluefnis við covid en covidveirunni sjálfri.“

Skosk yfirvöld, sem hafa leitast við að birta trúverðugur tölur, hafa nú dregið úr skýrslugjöf, eftir að hún leiddi æ skýrar í ljós skuggahliðar bólusetninganna. Nú virðast bresk stjórnvöld ætla að fara að dæmi þeirra og neita birtingu gagna um bólusetningardauða. En fyrri skýrsla Hagstofunnar (Office for National Statistics) frá í desember í fyrra – um mánuði áður en Ingileif birti bólusetningarherhvöt sína – sýndi, 5.100% auknar andlátslíkur barna, sem bólusettt höfðu verið.

Talnaupplýsingar koma í auknum mæli frá tryggingafélögum. Í Bandaríkjunum Norður-Ameríku hafa þau nú áhyggjur af afkomu sinni, því vinnufært (18 til 64 ára) fólk hrynur niður. Og jafnvel þótt sjúkrahúsum sé greitt sérstaklega fyrir tilkynningar um andlát af völdum veirunnar, skýrir fjöldi slíkra tilkynninga ekki andlátshrinuna.

Eitt tryggingafyrirtækjanna áætla um 10% fjölgun andláta í faraldri, en á þriðja ársfjórðungi síðasta árs var hann um 40%. „Þetta eru gífurlegar, gífurlegar tölur,“ segir forstjóri félagsins. Í Indíana ríki fækka þó tilkynningum um covid-andlát miðað við í fyrra, en hins vegar aukast andlát af öðrum orsökum. Talsmaður sjúkrahús í Indíana segir, að sjúkrahúsin verði fyrir flóðbylgju sjúklinga með margs konar sjúkdóma. Hann staðfestir einnig tölur tryggingafélagsins um dauðsföll.

Nú er að sjá, hvort „alheimsfaraldursgluggi“ hugmyndafræðings Alheimsefnahagsráðsins, Klaus Schwab, sé enn opinn, nú þegar lyfjafyrirtækin falla í verði, stjórnvöld gerast blendin í trúnni á veiruna og láta af trúariðkunum sínum. Klaus segir: „Heimsfaraldurinn opnar þrönga rifu á ljóra tækifæranna til að íhuga, endurhugsa og endurræsa veröld okkar.“ Ætli ríkisstjórn vor vakni á vordögum endurræst í „fyr og flamme?“

Orð Klaus eru svo sannarlega einnig umhugsunarverð með tilliti til þess, að í sjálfu sér var og er veiran ekki skeinuhættari en illvíg flesna. Vegna ófullkominna PCR prófa, beinlínis rangra talnagagna og ófullnægjandi aðferða við andlátsúrskurð, er snúið að reikna andlátstíðni nákvæmlega, en hún gæti, þegar öll kurl koma til grafar, verið um 0.14%. Það staðfestu fulltrúar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar alveg óvart.

Í raun er það svo, að dánartíðni fólks að sjötugu er lægri vegna covid-19 en flensu, samkvæmt rannsóknum grísk-bandaríska farsóttarfræðingsins, John Ioannidis. Grein hans var birt í „Tíðindum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar“ (Bulletin of the World Health Organization).

Athyglisverður er líka áróður stjórnvalda og fjölmiðla. Í stríði þeirra gegn almenningi eru fleiri fallnir í valinn en í hinu viðbjóðslega stríði í Úkraínu, svo ekki sé talað um stríðin í Sírylandi og Jemen. Þau virðast ekki trufla svefnfriðinn.

<https://www.adrreports.eu/en/index.html>

<https://headlineusa.com/oneamerica-insurance-ceo-deaths-increase-40-among-people-ages-18-64/>

<https://www.medrxiv.org/content/10.1101/2021.08.10.21261846v1.full.pdf>

<https://dailyexpose.uk/2022/02/16/scientific-evidence-proves-covid-vaccines-cause-aids/>

<https://www.dagbladet.no/meninger/har-vi-tatt-for-hardt-i/73478875>

https://www.who.int/bulletin/online_first/BLT.20.265892.pdf

<https://off-guardian.org/2020/04/05/covid19-death-figures-a-substantial-over-estimate/>

<https://dailyexpose.uk/2022/02/17/pfizergate-world-wide-coverup-covid-vaccines-cause-vaids/>

<https://www.theguardian.com/world/2021/aug/12/children-born-during-pandemic-have-lower-iqs-us-study-finds>

<https://dailyexpose.uk/2022/02/20/triple-jabbed-brits-weeks-away-from-having-aids/>

<https://steigan.no/2020/10/who-bekrefter-ved-et-uhell-at-covid-ikke-er-mer-farlig-enn-influensa/>

<https://off-guardian.org/2020/10/08/who-accidentally-confirms-covid-is-no-more-dangerous-than-flu/>

<https://apnews.com/article/virus-outbreak-united-nations-health-ap-top-news-international-news-54a3a5869c9ae4ee623497691e796083>

<https://thegreatdeception.is/whistle-blowers/we-have-more-children-that-died-from-the-covid-vaccine-than-covid-itself/>

<https://off-guardian.org/2020/06/27/covid19-pcr-tests-are-scientifically-meaningless/>

<https://www.standard.co.uk/news/uk/matt-hancock-review-coronavirus-deaths-miscounted-a4501466.html>

<https://off-guardian.org/2020/03/22/coronavirus-bill-slashes-safeguards-in-death-registration/>

<https://files.ssi.dk/covid19/omikron/statusrapport/rapport-omikronvarianten-31122021-ct18>

<https://off-guardian.org/2020/07/17/uk-govt-finally-admits-covid-statistics-are-inaccurate/>

<https://www.bitchute.com/video/5Lvb9EdoC87S/>

<https://off-guardian.org/2020/06/25/cash4covid-how-hospitals-are-making-money-off-the-coronavirus/>

<https://www.thesun.co.uk/health/16862556/cold-weather-affect-body/>

<https://abcnews.go.com/Politics/broken-heart-cases-surge-covid-women/story?id=82543558>

<https://www.bitchute.com/video/b6l1NY2uPN04/>

<https://dailyexpose.uk/2022/03/01/russia-distraction-uk-gov-revealed-triple-vaccinated-account-9-in-10-covid-deaths/>

<https://noticias.uol.com.br/saude/ultimas-noticias/redacao/2021/08/09/coronavirus-covid-19-vacinacao-duas-doses-mortes-internacoes.htm#:~:text=22%20mil%20mortos%20ap%C3%B3s%201%C2%AA%20dose%5D>

<https://steigan.no/2021/08/covid-19-vaksinene-gjor-viruset-farligere>

<https://dailyexpose.uk/2022/02/23/covid-jabs-increase-risk-of-miscarriage-by-1517-percent/>

<https://www.medrxiv.org/content/10.1101/2021.12.23.21268276v1.full.pdf>

<https://www.nature.com/articles/s41591-021-01630-0.pdf>

<https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/32785649/>

<https://dailyexpose.uk/2022/02/24/doctors-testify-that-covid-19-vaccines-cause-cancer-and-vaids/>

<https://steigan.no/2021/08/vaksinene-gir-okt-risiko-for-hjertefeil-blant-unge-mennesker-sjol-hovedstromsmediene-ma-melde-om-dette/>

<https://dailyexpose.uk/2022/02/23/800k-kids-missed-school-adverse-reaction-covid-jab/>
<https://dailyexpose.uk/2022/02/23/800k-kids-missed-school-adverse-reaction-covid-jab/>

<https://healthimpactnews.com/2021/10570-dead-405259-injuries-european-database-of-adverse-drug-reactions-for-covid-19-vaccines/>

<https://dailyexpose.uk/2022/02/23/cdc-study-covid-vaccine-myocarditis-risk-13200-percent/>

<https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/32908214/>

https://childrenshealthdefense.org/defender/covid-nw-hyper-inflammatory-syndrome-teens-vaccination/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eld=053823d8-af5e-4aa2-8e8d-c322d8fca8f7

<https://dailyexpose.uk/2022/02/08/uk-gov-data-suggests-fully-vaccinated-have-developed-vaids/>

<https://steigan.no/2022/03/noen-ubehagelige-sporsmal-om-overdodelighet-2/>

<https://dailyexpose.uk/2022/03/02/ons-cover-up-data-showing-vaccinated-children-52-times-likely-die/>

https://childrenshealthdefense.org/defender/covid-nw-eating-disorders-teen-girls-doubled-cdc-study/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eid=dc095ca4-1784-492c-b9a8-9afe845d5d4a

<https://dailyexpose.uk/2022/02/22/risk-of-stroke-due-to-covid-jab-increases-by-11361-percent/>

<https://steigan.no/2022/03/pfizers-egne-dokumenter-gir-et-rystende-bilde-1200-dodsfall-pa-90-dager-og-genetiske-skader/>

<https://dailyexpose.uk/2022/02/26/german-vaccine-injuries-10x-higher-than-reported/>

<https://dailyexpose.uk/2022/02/21/tripple-jabbed-covid-vaccine-effectiveness-negative-minus-206-percent/>

<https://www.israelnationalnews.com/news/321238>

<https://dailyexpose.uk/2022/02/15/canada-covid-deaths-70-percent-vaccinated/>

<https://phmpt.org/wp-content/uploads/2021/11/5.3.6-postmarketing-experience.pdf>

<https://dailyexpose.uk/2022/02/24/new-zealand-4-in-5-covid-cases-hospitalisations-fully-vaccinated/>

<https://brownstone.org/articles/more-than-400-studies-on-the-failure-of-compulsory-covid-interventions/>

<https://dailyexpose.uk/2022/02/27/nz-moh-data-confirms-fully-vaccinated-developing-ade/>

<https://consentfactory.org/2022/01/18/the-last-days-of-the-covidian-cult/>

<https://dailyexpose.uk/2022/03/03/australia-9-in-10-icu-covid-deaths-fully-vaccinated/>

<https://kjarninn.is/skodun/bolusetjum-bornin-gegn-covid-19-thau-eiga-rett-a-thvi/>

https://www.thedesertreview.com/opinion/columnists/lightning-strikes-twice-two-high-schools-sudden-deaths-on-the-same-day/article_d5375cdc-8dbb-11ec-ac07-73af1dfa9c96.html

<https://dailyexpose.uk/2022/02/25/fda-study-covid-vaccination-increases-kids-risk-myocarditis-13000-percent/>

https://childrenshealthdefense.org/defender/vaers-cdc-8-year-old-boy-dies-pfizer-vaccine/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=dc095ca4-1784-492c-b9a8-9afe845d5d4a